**Bekkur:** 1. bekkur

**Námsgrein:** Samfélagsgreinar - samþættist með öðrum námsgreinum

**Kennarar:** Sigrún Sigurðardóttir og Sæbjörg Kristmannsdóttir

**Tímafjöldi:** 4 kennslustundir á viku

GRUNNSKÓLINN Í BORGARNESI

*Sjálfstæði – virðing – samhugur – ábyrgð*

**Námsgögn:**
Uppeldi til ábyrgðar – umræður og verkefni sem tengjast uppbyggingarstefnunni
Halló heimur 1
Ýmsir námsvefir
Bækur sem tengjast byrjendalæsinu

| Námsflokkar | Hæfniviðmið | Kennsluhættir | Námsmat |
|---|---|---|---|
| Reynsluheimur (umhverfi, samfélaga, saga, menning) | Að nemandi:<br>• þjálfist í að bera kennsl á gildi, svo sem virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi,<br>• þjálfist í að lýsa samhengi orða, athafna og afleiðinga,<br>• þjálfist í að gera sér grein fyrir gildi náttúru og umhverfis og mikilvægi góðrar umgengni,<br>• þjálfist í að velta fyrir sér upplýsingum, gildi þeirra og áreiðanleika,<br>• þjálfist í að koma auga á dæmi um áhrif Biblíunnar á samfélagið. | • Umræður<br>• Fjölbreytt vinnubrögð m.a. leikur og leikræn tjáning sem gera nemendum kleift að njóta sín á eigin forsendum.<br>• Framsögn og virk hlustun.<br>• Samfélagsgreinar tengdar við aðrar námsgreinar, samþætting. | Byrjendalæsisverkefni |
| Hugarheimur – sjálfsmynd: Hæfni nemenda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum. | Að nemandi:<br>• þjálfist í að benda á gildi jákvæðra viðhorfa og gilda fyrir sjálfan sig,<br>• þjálfist í að gera sér grein fyrir hvar styrkur hans liggur,<br>• átti sig á og geti lýst ýmsum tilfinningum svo sem gleði, sorg og reiði,<br>• geri sér grein fyrir þörf sinni fyrir næringu, hvíld, hreyfingu og hreinlæti,<br>• geri sér grein fyrir að í umhverfinu eru margvísleg áreiti, jákvæð og neikvæð, sem hafa áhrif á líf hans,<br>• geti sett sig í spor annarra jafnaldra. | • Umræður<br>• Fjölbreytt vinnubrögð m.a. leikur og leikræn tjáning sem gera nemendum kleift að njóta sín á eigin forsendum.<br>• Framsögn og virk hlustun.<br>• Samfélagsgreinar tengdar við aðrar námsgreinar, samþætting. | Byrjendalæsisverkefni |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Félagsheimur – Samskipti: Hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra. | Að nemandi:<br>• þjálfist í að taka þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi,<br>• þjálfist í að hlusta á og greina að, ólíkar skoðanir,<br>• þjálfist í að tjá þekkingu sína og viðhorf með ýmsum hætti,<br>• geti sýnt tillitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra,<br>• geti áttað sig á ýmiss konar afleiðingum athafna sinna,<br>• geti sýnt að hann virði reglur í samskiptum fólks, skráðar og óskráðar, og nefnt dæmi um slíkar reglur,<br>• geti sýnt tillitssemi og umhyggju í leik og starfi. | • Umræður<br>• Fjölbreytt vinnubrögð m.a. leikur og leikræn tjáning sem gera nemendum kleift að njóta sín á eigin forsendum.<br>• Framsögn og virk hlustun.<br>• Samfélagsgreinar tengdar við aðrar námsgreinar, samþætting. | Byrjendalæsisverkefni |